

REGLUR

um breytingar á reglum um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri, nr. 723/2023.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi: Eingöngu er tekið á móti rafrænum umsóknum samkvæmt sniðmáti sem sjóðurinn setur í þjónustugátt HA.

2. gr.

Í stað orðanna „inn á Uglunni“ í 1. málsl. 6. mgr. 3. gr. reglnanna kemur: Uglu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í 3. málsl. 1. mgr. fellur brott „umsóknareyðublaði“.
- c. Á eftir orðunum „sem sjóðurinn setur“ í 3. málsl. 1. mgr. bætist við: í þjónustugátt HA.
- d. Í stað „úthlutunarnefndin“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: stjórn Vísindasjóðs.
- e. Í stað orðanna „umsýsluaðila Vísindasjóðs“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starfsmanns Vísindasjóðs hjá RHA.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Umsóknartímabil er eitt almanaksár og umsóknir þurfa að berast innan þess almanaksárs sem ferð er farin.
- b. Í stað orðanna „Verkefnastjóri fjáramála og greiningar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Verkefnastjóri bókhalds og rannsóknaverkefna.
- c. Í lok 1. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Umsækjandi þarf að skila inn öllum umsóknar- og ferðagögnum innan tveggja vikna frá því að ferð lauk til að eiga möguleika á greiðslu úr sjóðnum.
- d. Í 2. mgr. 6. gr. fellur brott orðið „starfsfólks“.

5. gr.

Við lok d-liðar 2. mgr. 7. gr. reglnanna bætist: í allt að tvö ár eftir starfslok.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- a. Í stað „reglum“ í d-lið kemur: auglýsingu nr. 3/2014.
- b. Í stað „birtingar á innri vef HA/Uglunni“ í e-lið kemur: verkefnastjóra bókhalds og rannsóknaverkefna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- a. Í stað „hverjum tveimur samfelldum árum“ í 1. málsl. kemur: einu almanaksári.
- b. Í stað „400.000“ í 1. málsl. kemur: 150.000.
- c. Á eftir orðunum „ráðstefnugjalda og“ í 1. málsl. bætist við: /eða.
- d. Við lok 2. málsl. bætist: svo framarlega sem ekki sé farið yfir hámarksupphæð leyfilegs styrks.
- e. Við lok 3. málsl. bætist: (eitt almanaksár).

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglnanna:

- a. Í stað „stjórnsýslu rannsókna“ í 2. málsl. a-liðar kemur: verkefnastjóra bókhalds og rannsóknaverkefna.
- b. D-liður orðast svo:

Styrkir úr Ferðasjóði HA skiptast í styrki til greiðslu fargjalda, ráðstefnugjalda og dagpeninga. Styrkir til greiðslu dagpeninga eru greiddir samkvæmt auglýsingu nr. 3/2014 um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis.

c. Við 11. gr. bætist nýr liður, e-liður, sem orðast svo:

Styrkþega ber, innan tveggja mánaða frá heimkomu, að skila greinargerð til verkefnastjóra bókhalds- og rannsóknaverkefna um framlag sitt og hvernig ferðin hafi styrkt hann í starfi og hver ávinningur háskólans hafi verið.

9. gr.

12. gr. reglnanna orðast svo:

Samanlagður styrkur á einu almanaksári getur numið að hámarki 150.000 kr. til greiðslu fargjalda, ráðstefnugjalda og/eða dagpeninga. Hámarks lengd einstakra styrkra ferða eru tveir dagar umfram lengd ráðstefnu, þó ekki meira en sjö dagar svo framarlega sem ekki sé farið yfir hámarksupphæð leyfilegs styrks. Hægt er að skipta styrknum til fleiri en einnar ferðar á hverju heimildartímabili (eitt almanaksár). Hámarksstyrkur miðast við 100% starfshlutfall.

10. gr.

Í 1. málsl. a-liðar 14. gr. reglnanna falla brott orðin „sbr. 1. tl. 2. mgr. 6. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 1010/2016“.

11. gr.

Við lok 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. reglnanna bætist: í allt að tvö ár eftir starfslok.

12. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 28. nóvember 2024.

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor.